

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10

Egilsstöðum 3. desember 2002

Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál, sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.

Skattstjóri Austurlandsumdæmis vill gera athugasemd við 8. gr. frumvarpsins sem varðar breytingu á 1. mgr. 102. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.


Þessi breytingartillaga er afrakstur starfshóps sem skipað var í af fjármálaráðherra með bréfi dagsettu 2. mars 2000. Hugmyndir þessa starfshóps miðuðust við að skatteftirlit á landsbyggðinni yrði gert út frá tveimur skattstofum, á Akranesi sem þjónusta mundi Vesturlandi, Vestfjörðum, Suðurlandi og Vestmannaeyjum, á Akureyri sem þjónusta mundi Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að fjármálaráðherra geti ákveðið að sami skattstjóri fari með skatteftirlit í fleiri en einu umdæmi og fylgt því eftir með skattbreytingu.

Það er álit skattstjóra, að á meðan ekki er nægilegum fjármunum varið til skatteftirlits, eru þeir verr nýttir með því að dreifa þeim með þessum hætti. Það má færa rök fyrir því, að skatteftirlit á þeim skattstofum sem fengju eftirlitsfulltrúa myndi batna en á öðrum skattstofum myndi það að öllum líkindum dragast saman eða í besta falli vera svipað, þó eru meiri líkur til þess fyrrnefnda.

Skatteftirlit byggist að stórum hluta á vettfangsrannsóknum og með því að færa eftirlitið út á ákveðnar skattstofur tekur það bæði lengri tíma og verður dýrara að fara slíkar vettfangsferðir í þeim umdæmum sem ekki hefðu eftirlitsfulltrúa, heldur en ef þær eru stundaðar út frá Reykjavík þar sem flugsamgöngur tryggja stýðsta ferðatíma. Landfræðileg nálægð er ekki það sem ber að stýðjast við, heldur hvernig samgöngum er best háttáð. Besti kosturinn væri ef hægt yrði að stunda eftirlitið út frá hverri skattstofu í hverju skattumdæmi fyrir sig og bæta við fjármagni til aukins skatteftirlits á þær skattstofur sem telja sig geta rekið eftirlitsdeildir.

Skattstjóri leggur því til, að 8. gr. þessa frumvarps verði felld niður og hugað að viðtækari lausnum á skatteftirliti á landsbyggðinni.

Virðingarfyllst,
skattstjóri Austurlandsumdæmis


Karl S. Lauritzson.

